

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 722/2020 vegna stöðvunarbrota í Seltjarnarnesbæ.

1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Stöðvunarbrotagjald vegna stöðvunarbrota, sbr. a–e-liði 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að undanskildum a-lið 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr., skal vera 10.000 kr.

2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Stöðvunarbrotagjald vegna a-liðar 2. mgr. 29. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 (bílastæði fatlaðra) skal vera 20.000 kr.

Breyting á gjaldskrá þessari sem bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með síðari breytingum og reglum nr. 104/1988 með síðari breytingum.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. janúar 2021.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

\_\_\_\_\_ *Ragnhildur Hjaltadóttir.*